

Óráðstílfelli

Elfa Þöll Grétarsdóttir og Guðríður Kristín Þórðardóttir
Sérfræðingar í hjúkrun

- Á eftirfarandi glærum eru 3 myndskaið þar sem hjúkrunarfræðingur segir frá sjúklingnum Jóni sem fer í óráð í lok kvöldvaktar.
- Þú getur horft á myndskaið og svarað spurningum samhliða því. Gott að hafa blað og penna við höndina.
- Ekki halda áfram fyrr en þú hefur lokið við að svara spurningum sem fylgja myndskaiði 1 og 2.
- Síðasta myndskaiðið er í raun lýsing á því hvernig málin þróuðust hjá Jóni en því miður eru ekki öll tilfelli leyst á svo góðan hátt.

Tilfellið um Jón



Skráið hjá ykkur eftirfarandi
atriði:

- áhættuþættir Jóns
- útleysandi þætti hans
- einkenni um óráð hjá honum

Ef ekki er búið að klára að
skrá áhættuþætti,
útleysandi þætti og
einkenni hjá Jóni þá er gott
að stöðva hér og klára það



Áhættuþættir Jóns:

- Nýlegt mjaðamabrot
- Alvarleg veikindi – nýlegt hjartaáfall
- Verkir
- Eldri en 65 ára
- Var byrjaður að gleyma heima fyrir veikindi
- Saga um óráð

Útleysandi þættir hjá Jóni

- Þarf að pissa en kemst ekki
- Er með verki en fær ekki lyfin sín
- Flutningur á milli deilda
- Er einn á ókunnum stað

Óráðseinkenni Jóns

- Rugl
- Aðsóknarkennd og ranghugmyndir
- Æsingur
- Ljótt orðbragð
- Ótti og þjáning
- Mótstaða við umönnun
- óöryggi

Viðbrögð á deild

Skráið jafnóðum hvað
hjúkrunarfræðingur
gerir sem er hjálplegt
fyrir Jón í þessum
aðstæðum



Það sem var vel gert í þessu tilfalli

- Strax greint og gripið inn í
- Aðstandandi kom og fékk góða fræðslu
- Aðstandandi aðstoðaði:
 - Sannfærði sjúkling um að taka lyfið sitt
 - Sannfærði sjúkling um að fara á salerni
 - Hjálpaði sjúklingi að ná tengsl við raunveruleikann
 - Hjálpaði sjúklingi að ná sátt og komast í ró



Hvað hefði mátt gera betur?

- Þekkja áhættuþætti og bregðast við þeim
 - Ekki láta Jón bíða eftir verkjalyfjum
 - Fylgja honum reglulega á göngu
 - Fylgja honum reglulega á salerni
 - Hafa góða grunn verkjastillingu
 - Hafa gott eftirlit með hægðum og gefa lyf eftir þörfum
 - Hjálpa honum með raunveruleikaglöggvun

Fleiri góð ráð til að fyrirbyggja óráð

- Halda vökvaskrá og fylgjast með vökvainntöku og þvaglátum (30ml/kg á sólarhring)
- Óma þvagblöðru
- Passa upp á næringu
- Ef notar gleraugu og heyrnartæki hafa það á sjúklingi
- Losa við fjötra ef til staðar (línur og leggir)
- Hafa stillt á rás 50 á daginn (dagatal og klukka)
- Tryggja eins góðan svefn og hægt er

STÖÐVUM ÓRÁÐ



AMMA - Helstu áhættuþættir fyrir óráð: **A**ldraðir - **M**innisskertir - **M**jaðmarbrotnir - **A**lvarlega veikir

- S** Skynfæri tryggja aðgengi að gleraugum og heyrnartækjum
- T** Tregða - þvag- og hægðtregða - greina, fyrirbyggja og meðhöndla
- A** Aðstandendur - óráðsfræðsla og forvarnir, hvetja til viðveru
- N** NEWS - fylgjast með lífsmörkum og einkennum sýkinga
- S** Svefn og sársauki - stuðla að góðri hvíld og verkjameðferð
- Ó** Ólar, fjötra, línur og leggi skal takmarka og auka alla hreyfingu/þjálfun $\geq 3x$ /dag
- R** Rx - þekkja lyf sem ýta undir óráð og endurmeta reglulega
- Á** Áttun - raunveruleikaglöggvun
- Ð** Þurrkur / vannæring / tuflanir á söltum - þekkja einkenni og bregðast við

Dæmigerðar afleiðingar ómeðhöndlaðs óráðs

- Bylta
- Ofbeldi
- Mögulega farið út af deild/stofnun
- Trufla aðra sjúklinga
- Vakandi og órólegir
- Gefið róandi lyf sem auka á byltuhættu og jafnvel óráð
- Mikið aukin hjúkrunarþörf

Þættir sem auka byltuhættu hjá Jóni

- Hann vill ekki fylgd
- Hann er hræddur við starfsfólk
- Hann gleymir göngugrind
- Er með nýtt mjaðmagrindabrot og því mögulega með takmarkaða hreyfigetu
- Honum gæti orðið brátt og þurft að flýta sér á salerni

Munum að bregðast hratt við óráði!

Delirium: A Medical Emergency



"A REMINDER THAT DELIRIUM IS A MEDICAL EMERGENCY"